



Fasteignaverð heldur verðbólgunni uppi

Vísitala neysluverðs (VNV) hækkaði um 0,47% milli mánaða í september og mælist verðbólga nú 4,4% í samanburði við 4,3% í ágúst. Vísitala neysluverðs án húsnæðis hækkaði um 0,19% og mælist 2,9% verðbólga á þann mælikvarða.


Mestu áhrif til hækkunar hafði reiknuð húsleiga (+1,7% milli mánaða, +0,29% áhrif á vísitölu) og föt og skór (+4,1% milli mánaða, +0,15% áhrif). Mestu áhrif til lækkunar höfðu flugfargjöld til útlanda (-7,0% milli mánaða, -0,11% áhrif).

Breytingin milli mánaða var í samræmi við væntingar, en við höfðum spáð 0,5% milli mánaða. Það var tvennt sem kom á óvart í tölunum. Í fyrsta lagi hækkaði kostnaður við að búa í eigin húsnæði (reiknuð húsaleiga) mun meira en við áttum von á. Í öðru lagi lækkuðu húsgögn og heimilisbúnaður milli mánaða, en við áttum von á hækkun.


Áhrif húsnæðis eykst á sama tíma og áhrif innfluttra vara minnkar

Í septembertölunum sáum við áframhald á þeirri þróun sem hefur verið ráðandi það sem af er ári að framlag innfluttra vara er að minnka á sama tíma og framlag húsnæðiskostnaðar og þjónustu eykst. Þannig er ársverðbólgan svipuð í september og í janúar (4,4% í stað 4,3%) meðan framlag innfluttra vara hefur dregist saman um 1,4 prósentustig (úr 2,3% í 0,9%). Framlag húsnæðis hefur á þessu tímabili aukist um 1,1 prósentustig (úr 0,8% í 1,9%) og framlag þjónustu hefur aukist um 0,7 prósentustig (úr 0,5% í 1,1%).

Vísitala neysluverðs án húsnæðis¹, hækkaði um 0,19% milli mánaða og mælist 2,9% verðbólga á þann mælikvarða. September er sjötti mánuðurinn í röð sem verðbólga án húsnæðiskostnaðar lækkar milli mánaða. Nú munar 1,4 prósentustigum á milli verðbólguáætlungar með og án húsnæðis en í apríl í ár mældist meiri verðbólga án húsnæðis en með því.



Heimild: Macrobond



Heimild: Macrobond

¹ Þ.e. VNV án reiknaðrar húsaleigu, leiguverðs, viðhalds og viðgerða á húsnæði, sorphirðu og holræsagjalds.



Mæling Hagstofunnar á húsnæðisverði hækkaði meira en við áttum von á

Kostnaður við að búa í eigin húsnæði (reiknuð húsaleiga) hækkaði um tæplega 1,7% milli mánaða. Hækkunin skýrist af hækkun húsnæðisverðs, en áhrif vaxtabreytinga voru óveruleg. Þetta er mun meiri hækkun en við áttum von á, en við höfðum spáð 0,8% hækkun milli mánaða.

Svo virðist sem ekkert lát sé á hækkun íbúðaverðs enn sem komið er, en vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu sem þjóðskrá reiknar [hækkaði um 1,6% milli mánaða](#) í ágúst. Mest hækkun mælist nú á sérþýli á höfuðborgarsvæðinu, þar á eftir á fjölþýli á höfuðborgarsvæðinu, en húsnæði utan höfuðborgarsvæðisins hefur hækkað nokkuð minna.

Húsgögn og heimilisbúnaður lækkaði óvænt

Hitt sem kom okkur á óvart var að liðurinn húsgögn og heimilisbúnaður lækkaði milli mánaða, en við áttum von á að hann myndi hækka. Liðurinn húsgögn og heimilisbúnaður lækkaði um 2,4% milli mánaða.

Bensín hækkaði milli mánaða

Bensín og dísilolía hækkaði um 1,2% milli mánaða og er tólf mánaða hækkunin 15,4%. Bensín (95 okt) hækkaði um 1,0% milli mánaða (16,0% milli ára) meðan dísilolía hækkaði um 1,5% milli mánaða (13,4% milli ára). Þetta var nokkuð meiri hækkun milli mánaða en við áttum von á.

Fatið af Brent olíu kostar nú um 79 Bandaríkjadali, en kostaði að meðaltali 41 Bandaríkjadali í september 2020.


Undirliðir tengdir ferðaþjónustu lækkuðu

Eins og oft vill verða í september eru það fyrst og fremst liðir tengdir ferðaþjónustu sem lækkuðu milli mánaða. Meðal annars lækkaði gisting um 8,2% og flugfargjöld til útlanda um 7,1%. Liðurinn „annað vegna ökutækja“ sem inniheldur meðal annars bílaleigubíla lækkaði um 3,5%. Alls voru áhrif þessa þriggja liða 0,15 prósentustig til lækkunar á vísitölunni.


Vaxtaákvörðun í næstu viku

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands mun hittast eftir helgi og verður ákvörðun nefndarinnar um


Reiknuð húsaleiga



Húsnæðisverð




Heimsmarkaðsverð á olíu (Brent)





stýrivexti kynnt miðvikudaginn 6. október. Þetta er því síðasta mæling á VNV sem nefndin mun hafa til hliðsjónar við ákvörðunina.

Það hlýtur að vera nefndinni áhyggjuefni hversu þrálát verðbólgan er. Einnig eru verðbólguvæntingar að hækka, en verðbólguálag á skuldabréfamarkaði er núna um 0,6 prósentustigum hærra en þegar nefndin hittist síðast. Við munum birta stýrivaxtaspá í lok vikunnar.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.